

Punkturinn 4.tbl. 4.árg. 2013 - Fréttabréf um skattamál

Í þessu tölublaði Punktsins, fréttabréfi Skatta- og lögfræðisviðs Deloitte, verður fjallað um breytingar á lögum um virðisaukaskatt hvað varðar ferðaþjónustu og dóm Hæstaréttar í máli nr. 672/2012, þar sem deilt var um verðtryggingu neytendaláns. Þá verður fjallað um nokkra nýja dóma Hæstaréttar um gengislán sem og nýfallinn dóm Hæstaréttar í máli nr. 50/2013 um endurútreikning vaxta. Einnig verður fjallað um dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-2226/2012 um tímamark endurákvörðunar á sköttum og áhrifum þess á nauðasamning. Þá verður fjallað úrskurð yfirskattaneftndar nr. 163/2013 um að yfirverðsreikningur telst ekki vera frjáls sjóður félaga. Að lokum verður fjallað um álit Eftirlitsstofnunar EFTA frá 22. maí 2013 um gengistryggingu lána og ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 1/2013 vegna rökstudds álits Eftirlitsstofnunar EFTA vegna erlendra starfsmannaleiga.

Eins og ávallt, þá eru starfsmenn Skatta- og lögfræðisviðs Deloitte reiðubúnir að veita aðstoð á sviði skatta- og lögfræðimála.

- *Breyting á lögum um virðisaukaskatt leiðir til þess að útleiga hótél- og gistiherbergja og annarrar gistipjónustu mun áfram bera 7% virðisaukaskatt. Að óbreyttu hefði slík þjónusta borið 14% virðisaukaskatt frá og með 1. september 2013. Sjá nánari umfjöllun á bls. 2*
- *Ef neytendalán á að vera verðtryggt og bera breytilega vexti, þarf að kveða skýrlega á um hvort lánsamningurinn er verðtryggður, hver grunnvísitalan er og hvort vextir eigi að vera breytilegir. Sjá nánari umfjöllun á bls. 2*
- *Ef eina tilgreining lánsfjárhæðar í lánsamning er í íslenskum krónum eru líkur á að um ólögmeða gengistryggingu sé að ræða, hafi verið kveðið á um slíka tryggingu. Kemur þá ekki til álita hvernig aðilar efndu skuldbindingar sínar í raun, þ.e. í hvaða mynt greiðslur fóru fram. Sjá nánari umfjöllun á bls. 2*
- *Skuldabréf þar sem heiti þess kveður á um að skuldbinding sé í erlendri mynt, tilgreining lánsfjárhæðar er í erlendri mynt og vaxtakjör bera með sér skuldbindingu í erlendri mynt teljast lögmeæt erlend lán, enda um viðskiptabréf að ræða sem hefur að geyma tæmandi lýsingu á réttindum sem það veitir og þeim taktörkunum sem á þeim réttindum kunna að vera. Sjá nánari umfjöllun á bls. 2*
- *Skattkröfur féllu utan nauðasamnings þar sem miðað var við dagsetningu úrskurðar ríkisskattstjóra um endurákvörðun opinberra gjalda. Sjá nánari umfjöllun á bls. 3*
- *Ekki er hægt að krefjast viðbótargreiðslna á þegar greiddum vöxtum aftur í tímann ef fullnaðarkvittun liggur fyrir og augljós aðstöðumunur er á milli aðila lánsamnings. Þá er með almennum lögum ekki mögulegt að breyta með afturvirkum hætti réttarreglum um efni skuldbindinga og greiðslur skulda frá því sem gildi þegar til þeirra var stofnað og af þeim greitt. Sjá nánari umfjöllun á bls. 3*
- *Yfirverðsreikningur hlutafjár telst ekki til frjálsra sjóða félags og er því ekki heimilt að ráðstafa honum til greiðslu arðs til hluthafa. Sjá nánari umfjöllun á bls. 4*
- *Að mati Eftirlitsstofnunar EFTA gengur algert bann við gengistryggðum lánnum til einstaklinga og fyrirtækja lengra en nauðsynlegt þykir til að gæta hagsmuna neytenda og Ísland því brotlegt gegn EES-samningnum um frjáls flæði fjármagns. Sjá nánari umfjöllun á bls. 4*
- *Erlendar starfsmannaleigur sem hafa staðfestu á EES-svæðinu, í EFTA-ríki eða á Færeyjum geta nú fengið útgefna kennitölu frá fyrirtækjaskrá og skráð sig á launagreiðendaskrá án þess að til stofnsetningar komi á Íslandi, t.d. í formi útibús eða dótturfélags. Sjá nánari umfjöllun á bls. 5*



Breyting á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988 - Virðisaukaskattur á ferðaþjónustu

Breyting á lögum um virðisaukaskatt leiðir til þess að útleiga hótél- og gistihverbergja og annarrar gistipjónustu mun áfram bera 7% virðisaukaskatt. Að óbreyttu hefði slík þjónusta borið 14% virðisaukaskatt frá og með 1. september 2013.

Samþykkt hefur verið breyting á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Breytingin felst í því að sú breyting sem samþykkt var með lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum nr. 146/2012 um innleiðingu nýs 14% skattþreps vegna útleigu hótél- og gistihverbergja og annarrar gistipjónustu er felld úr gildi. Breytingin sem átti að taka gildi 1. september á þessu ári kemur því ekki til framkvæmda og mun því útleigan bera 7% virðisaukaskatt eins og verið hefur, en ekki 14% eins og orðið hefði frá og með 1. september 2013 að óbreyttu.

Dómur Hæstaréttar nr. 672/2012 – Lýsing hf. gegn Bjarnþóri Erlendssyni – verðtrygging

Ef neytendalán á að vera verðtryggt og bera breytilega vexti, þarf að kveða skýrlega á um hvort lánsamningurinn er verðtryggður, hver grunnvísitalan er og hvort vextir eigi að vera breytilegir.

Í máli þessu deildu aðilar um verðtryggingu láns. Málavextir voru þeir að aðilar málsins gerðu með sér bílasamning þar sem B tók á leigu bifreið af L hf. Samkvæmt ákvæðum samningsins var L hf. eigandi bifreiðarinnar en eftir að eftirstöðvar samningsins væru greiddar gæfi félagið út afsal fyrir bifreiðinni til B. Krafa samkvæmt samningnum var endurreiknuð í kjölfar dóma Hæstaréttar um að óheimilt væri að binda lán í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla. Greiddi B kröfuna samkvæmt útreikningi L hf. en taldi hann þó rangan. Höfðaði hann mál til innheimtu þess sem hann taldi sig hafa ofgreitt. B taldi L hf. hafa verið óheimilt að verðbæta þann hluta kröfunnar sem tilgreindur var í samningi aðila í íslenskum krónum og að L hf. hafi jafnframt verið óheimilt að reikna breytilega vexti á þann hluta kröfunnar.

Í dómi Hæstaréttar kemur fram að óumdeilt væri að lög nr. 121/1994 um neytendalán ættu við um samning aðila. Þau lög gerðu ríkar kröfur til skýrleika lánsamninga af þeim toga sem hér um ræddi. Í samningnum hefði hvergi komið fram að hann væri verðtryggður að því er varðaði þann lánshluta sem var í íslenskum krónum. Þá var þess hvergi getið í samningnum hver væri grunnvísitala hans. Að mati dómsins bar því samningurinn ekki með sér að sá hluti hans sem tilgreindur var í íslenskum krónum hafi verið verðtryggður. Skilmálar samningsins voru staðlaðir og samdir af L hf. án aðkomu B. Hefði samningurinn átt að vera verðtryggður hefði þurft að taka það fram með skýrum hætti. Var það ekki gert og að mati dómsins ætti L hf. að bera hallan af því.

Jafnframt þótti ljóst að hvorki samningur aðila né greiðsluáætlun sem var hluti hans hafi með skýrum og ótvíræðum hætti borið með sér að vextir af umræddum lánshluta ættu að vera breytilegir.

Var það því niðurstaða Hæstaréttar sú að L hf. gæti ekki byggt kröfur sínar á hendur B á skilmálum sem ekki komu skýrt fram í samningi aðila. Var L hf. dæmt til að greiða B þá fjárhæð sem hann hafði ofgreitt.

Dómur Hæstaréttar nr. 189/2013 – Arion banki hf. gegn Hafhúsi ehf. – lánsamningur, gengistrygging

Ef eina tilgreining lánsfjárhæðar í lánsamning er í íslenskum krónum eru líkur á að um ólögmaða gengistryggingu sé að ræða, hafi verið kveðið á um slíka tryggingu. Kemur þá ekki til álita hvornig aðilar efndu skuldbindingar sínar í raun, þ.e. í hvaða mynt greiðslur fóru fram.

Í málinu var deilt um kröfu Arion banka um að bú Hafhúsa ehf. yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Í dómi Hæstaréttar kom fram að kröfur sem Arion banki átti á hendur Hafhúsum ehf. væru til komnar vegna lána í íslenskum krónum sem hefðu með ólögmaðum hætti verið bundin við gengi erlendra mynta. Niðurstaða Hæstaréttar byggði á þeim forsendum að eina tilgreiningin í umræddum lánsamningum á fjárhæð lánanna var í íslenskum krónum, þyrfti því ekki að líta til þess hvornig aðilar efndu samningskuldbindingar sínar í raun.

Niðurstaða þessi staðfestir dóm Hæstaréttar í máli nr. 386/2012, sem fjallað var um í 2. tbl. Punktisins á þessu ári.

Dómur Hæstaréttar nr. 757/2012 – Rafvirkni ehf. gegn Dróma – skuldbréf, gengistrygging

Skuldbréf þar sem heiti þess kveður á um að skuldbinding sé í erlendri mynt, tilgreining lánsfjárhæðar er í erlendri mynt og vaxtakjör bera með sér skuldbindingu í erlendri mynt teljast lögmæt erlend lán, enda um viðskiptabréf að ræða sem hefur að geyma tæmandi lýsingu á réttindum sem það veitir og þeim takmörkunum sem á þeim réttindum kunna að vera.

Í máli þessu deildu aðilar um hvort krafa samkvæmt skuldbréfi útgefnu af R ehf., til S, sem nú er í eigu Dróma hf., væri skuld í erlendri mynt eða íslenskum krónum, bundið við gengi erlendra gjaldmiðla með ólögmaðum hætti. Í dómi Héraðsdóms, sem staðfestur var með vísan til forsenda hans, kom fram að samkvæmt dómafordæmum Hæstaréttar, meðal annars í málum nr. 551/2011 og 552/2011 yrði við úrlausn ágreiningsefnisins fyrst og fremst að líta til forms og meginefnis þeirra gerninga sem lægju til grundvallar skuldbindingunni. Þegar litið væri til heitis skuldbréfsins („veðskuldbréf í erlendri mynt“), tilgreiningar á lánsfjárhæðinni (upphaflega tilgreind í erlendri mynt), þeirra vaxtakjara (LIBOR vextir) sem tilgreind voru í skuldbréfinu og þeirra skilmálabreytinga sem gerðar hefðu verið, yrði að leggja til grundvallar að R ehf. hefði tekið lán í erlendum gjaldmiðli. Þá yrði ráðið af dómum Hæstaréttar, sérstaklega í máli nr. 524/2011, að ekki skipti máli þótt greiðslur færu fram í íslenskum krónum þegar skýrt kæmi fram í lánsamningi að skuldin væri í erlendri mynt.

Var því niðurstaða Héraðsdóms um sýknu Dróma staðfest með þeirri athugasemd að um væri að ræða viðskiptabréf sem hefði að geyma tæmandi lýsingu á þeim réttindum sem það veitti og þeim takmörkunum sem á þeim réttindum kynni að vera. Síðari breytingar með skriflegum löggæringum sem gerðar voru á skuldbréfinu hefðu því ekki áhrif á skilmála þess að um væri að ræða kröfu í þeim erlendu myntum sem tilgreinar væri í skuldbréfinu.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-2226/2012 – Stoðir hf. gegn íslenska ríkinu – um heimildir til skuldajafnaðar og áhrif nauðasamnings

Skattkröfur féllu utan nauðasamnings þar sem miðað var við dagsetningu úrskurðar ríkisskattstjóra um endurákvörðun opinberra gjalda.

Skattstjórinn í Reykjavík hóf þann 12. mars 2008 skoðun á bókhaldi og skattskilum S hf. m.a. vegna rekstraráranna 2006 og 2007. Leiddi sú rannsókn til endurákvörðunar á opinberum gjöldum S hf. vegna þessara ára, með úrskurði ríkisskattstjóra, þann 16. júní 2011. Þeim úrskurði var skotið til yfirsattanefndar sem kvað upp úrskurð í málinu þann 11. desember 2012.

S hf. fór í lok árs 2008 fram á heimild til greiðslustöðvunar og í framhaldinu var gerður nauðasamningur sem Héraðsdómur Reykjavíkur staðfesti 15. júní 2009. Með úrskurði ríkisskattstjóra frá 16. júní 2011 og úrskurði yfirsattanefndar frá 11. desember 2012 fór fram endurákvörðun á opinberum gjöldum S hf. og var endurgreiðsla fjármagnstekjuskatts af vaxtatekjum og arðstekjum S hf. skuldajöfnuð á móti skattskuld S hf.

Í máli þessu laut deila aðila að því hvort þær skattkröfur sem lagðar voru á stefnanda með framangreindum úrskurðum hafi fallið undir nauðasamning S hf. eða hvort skattkröfurnar hefðu stofnast við uppkvaðningu úrskurðanna og féllu því utan nauðasamningsins.

S hf. reisti kröfur sínar á því að framangreindar skattkröfur ríkissjóðs hefðu verið skilyrtar kröfur í skilningi 31. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldprotaskipti o.fl. þar sem þær hefðu stofnast í lok rekstraráranna 2006 og 2007 og af þeim sökum bundnar af nauðasamningi S hf. Af því leiddi að við allar greiðslur S hf. upp í meintar skattkröfur bæri að taka mið af nauðasamningnum. Stefndandi, íslenska ríkið byggði hins vegar á því að skattkröfurnar hefðu stofnast við úrskurð ríkisskattstjóra þann 16. júní 2011, sbr. úrskurð yfirsattanefndar þann 11. janúar 2012 og féllu því ekki undir nauðasamning S hf., sem staðfestur var af Héraðsdómi Reykjavíkur þann 15. júní 2009. Í forsendum Héraðsdóms segir að viðbótarkröfur á hendur S hf. hafi stofnast við úrskurð ríkisskattstjóra þann 16. júní 2011, að teknu tilliti til síðari breytinga skv. úrskurði

yfirsattanefndar 11. desember 2012. Ekkert í lögum eða öðrum réttarheimildum styðji það sjónarmið S hf. að kröfurnar hafi stofnast í lok rekstraráranna 2006 og 2007 enda hafi ekki verið sýnt fram á af hálfu S hf. að skattfyrviöld hafi í lok umræddra rekstrarára haft undir höndum upplýsingar eða önnur gögn sem sýnt hafi fram á tilvist þeirra viðbótarskattkrafna sem staðfestar voru með úrskurði yfirsattanefndar 11. desember 2012. Framangreind niðurstaða um stofntíma viðbótarskattkrafna styðjist við 6. mgr. 110. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og 5. mgr. 49. gr. laga nr. 50/1998 um virðisaukaskatt þar sem mælt er svo fyrir að séu skattar gjaldanda hækkaðir eftir álagningu falli viðbótarfjárhæðin í gjalddaga tíu dögum eftir að gjaldanda hafi verið tilkynnt um hækkunina.

Var íslenska ríkið sýknað af kröfum S hf.

Dómur Hæstaréttar nr. 50/2013 – Plastiðjan ehf. gegn Landsbankanum hf. - endurreikningur vaxta

Ekki er hægt að krefjast viðbótargreiðslna á þegar greiddum vöxtum aftur í tímann ef fullnaðarkvittun liggur fyrir og augljós aðstöðumunur er á milli aðila lánsamnings. Þá er með almennum lögum ekki mögulegt að breyta með afturvirkum hætti réttarreglum um efni skuldbindinga og greiðslur skulda frá því sem gildi þegar til þeirra var stofnað og af þeim greitt.

Í máli þessu var deilt um uppgjör lánsamnings milli P ehf. og S hf., sem L hf. tók síðar yfir, þar sem mælt var fyrir um ólögmeita gengistryggingu. Afborganir áttu að taka breytingum eftir gengi myntkörfu alfarið í erlendri mynt, með LIBOR-vöxtum auk fasts álags. Með samningnum fylgdi greiðslufirlit þar sem tilgreind var fyrir hvern gjalddaga fjárhæð afborgunar, vaxta og eftirstöðvar skuldar. Um jafngreiðsluskuldbindingu var að ræða og fór hlutfall vaxta af mánaðarlegri heildargreiðslu á hverjum gjalddaga lækkaði eftir því sem leið á samningstímann en hlutfall afborgunar hækkaði á móti.

Við endurútreikning lánsins miðaði S hf. við vexti Seðlabanka Íslands samkvæmt 4. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 471/2010. Þar sem um jafngreiðslulán var að ræða leiddi hærri vaxtaviðmiðun til þess að vægi milli afborgana og vaxta breyttist þannig að vextir voru hærra hlutfall af hverri

greiðslu á fyrri hluta lánstímans en vera átti samkvæmt upphaflegu greiðslufirliti. Í yfirliti um endurútreikninginn var reiknuð ný heildargreiðsla fyrir hvern gjalddaga lánsins, sem skipt var upp í afborgun og vexti og munurinn á þeirri heildargreiðslu og þeirri fjárhæð sem P ehf. greiddi á hverjum gjalddaga færður á svonefndan veltureikning, til skuldar eða til tekna eftir atvikum. Af stöðu veltureikningsins á hverjum tíma voru svo reiknaðir vextir samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001.

P ehf. mótmælti þessum útreikningi og höfðaði mál þar sem félagið krafðist þess annars vegar að viðurkennt yrði að við endurútreikning lánsins væri óheimilt að krefja sig um frekari greiðslur en þegar hefðu verið inntar af hendi og hins vegar að L hf. yrði gert að standa honum skil á mismun þeirra greiðslna sem hann innti af hendi og fjárhæðum sem fram komu í endurútreikningi S hf. á skuldbindingu hans, vegna þeirra gjalddaga sem sá mismunur var félaginu í hag.

Í forsendum dómsins vísar Hæstiréttur til þeirrar meginreglu kröfuréttar að kröfuhafi, sem hefur fengið minna greitt en hann hefur átt rétt til, á kröfu á hendur skuldara um það sem vangreitt hefur verið. Frá meginreglunni eru þó undantekningar, m.a. um að fullnaðarkvittun geti að vissum skilyrðum fullnægðum valdið því að kröfuhafi glati frekari kröfu. Greiðslutilkynningum S hf. og yfirliti vegna hvernar greiðslu P ehf. með millifærslu í heimabanka mætti jafna til þess að fyrir lægi fullnaðarkvittun vegna hvernar greiðslu að mati Hæstaréttar. Hefði P ehf. jafnframt verið í góðri trú um lögmæti skuldbindingarinnar og þar með að greiðslurnar fælu í sér réttar og fullar efndir af hans hálfu. Þá taldi Hæstiréttur að aðstöðumunur hefði verið með samningsaðilum við lántökuna og að það stæði L hf. nær að bera áhættu af þeim mistökum sem leiddu til þess að vextirnir voru vangreiddir.

Í ljósi alls framangreinds var það mat Hæstaréttar að L hf. gæti ekki krafist P ehf. um viðbótargreiðslur vegna þegar greiddra vaxta aftur í tímann. Ákvæði laga nr. 151/2010 gætu ekki haggjað þessari niðurstöðu, enda er ekki með almennum lögum unnt að hrófla svo að íþyngjandi sé með afturvirkum hætti við réttarreglum um efni skuldbindinga og greiðslu skulda frá því sem gildi þegar til þeirra var stofnað og af þeim greitt, sbr. dóma Hæstaréttar í málum nr. 600/2011 og 454/2012.

Hæstiréttur féllst hins vegar ekki á fjárkröfu P ehf. þar sem ljóst væri að P ehf. hefði ekki að öllu samanlögðu ofgreitt af skuld sinni á því tímabili sem um ræddi.

Úrskurður yfirséðsreikningur nr. 163/2013 – yfirverðsreikningur telst ekki vera frjáls sjóður félaga

Yfirverðsreikningur hlutfjár telst ekki til frjálsra sjóða félags og er því ekki heimilt að ráðstafa honum til greiðslu arðs til hluthafa.

Ágreiningur málsins var ákvörðun ríkisskattstjóra um að færa kæranda til skattskyldra gjafa í skattframtölum hans árin 2007, 2008, 2010 og 2011 greiðslur frá S hf., en kærandi hafði fært umræddar greiðslur til tekna í skattframtölum sínum sem fjármagnstekjur (arðgreiðslur). Ríkisskattstjóri lækkaði jafnframt framtaldar fjármagnstekjur árin 2007, 2008 og 2011, en kærandi hafði ekki fært til tekna arðgreiðslur frá S hf. árið 2010. Kærandi var eigandi að 20% hlutfjár í S hf.

Ákvörðun sína byggði ríkisskattstjóri á að um væri að ræða óheimilar úthlutanir af fjármunum hlutfélagsins sem féllu undir 2. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og bæri því að skattleggja sem gjafir til kæranda samkvæmt 4. tölul. A-liðar 7. gr. laganna, þar sem kærandi var hvorki starfsmaður né fyrirsvarsmáður félagsins. Ríkisskattstjóri hélt því fram að óráðstafað eigið fé hlutfélags í upphafi reikningsárs væri mælikvarði á úthlutunarheimild vegna afkomu fyrra árs. Í því sambandi rakti ríkisskattstjóri upplýsingar um óráðstafað eigið fé S hf. eins og fram hefði komið í skattframtölum félagsins á umræddum árum. Þar kom fram að annars vegar hafði óráðstafað eigið fé verið neikvætt og hefðu því arðgreiðslur á viðkomandi árum verið óheimilar, sbr. 98. gr. og 1. mgr. 99. gr. laga nr. 2/1995 um hlutfélag.

Þá taldi ríkisskattstjóri að arðsúthlutun yrði að byggja á samþykktum ársreikningi sem lægi fyrir við úthlutun og að arðgreiðsla gæti ekki talist heimil vegna ársreiknings sem útbúinn hefði verið á síðara tímamarki og lagður fram.

Kærandi hélt því hins vegar fram að líta mætti á yfirverðsreikning innborgaðs hlutfjár sem frjálsan sjóð í skilningi 99. gr. hlutfélagalaga og byggði á því að í lögnum sé hvergi að finna ákvæði sem takmarki ráðstöfun fjármuna sem færðir hafa verið á slíkan reikning.

Yrði þannig ekki annað ráðið en að yfirverðsreikningur sé frjáls sjóður og að heimilt hafi verið að ráðstafa honum til greiðslu arðs til hluthafa. Þessari málsástæðu kæranda hafnaði yfirséðsreikningur og vísaði til þess að fyrir breytingu hlutfélagalaga með lögum nr. 39/2003, var yfirverð hluta, þ.e. það verð sem greitt var umfram nafnverð við stofnun eða hækkun hlutfjár, lagt í lögbundinn varasjóð og um ráðstöfun fór því í öllu eftir reglum um notkun slíks sjóðs.

Með 3. gr. laga nr. 39/2003 var sú breyting gerð á 2. mgr. 100. gr. hlutfélagalaga að í stað orðanna „lagt í varasjóð“ kom „fært á yfirverðsreikning innborgaðs hlutfjár samkvæmt lögum um ársreikninga“. Ekki er getið um yfirverðsreikning í lögum um ársreikninga en þar kemur fram heimild ráðherra til að setja reglur um uppsetningu efnahagsreikninga og rekstrarreikninga. Í reglugerð nr. 696/1996, um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, er kveðið á um yfirverðsreikning innborgaðs hlutfjár meðal eiginfjárliða í 3. og 4. gr. reglugerðarinnar. Þar kemur fram að tilgreina skal fjárhæð innborgaðs hlutfjár umfram nafnvirði þess frá og með gildistöku laga um ársreikninga. Meðal annarra eiginfjárreikninga er tilgreindur lögbundinn varasjóður skv. 100. gr. hlutfélagalaga sbr. þó liðinn yfirverðsreikningur innborgaðs hlutfjár. Af því réð yfirséðsreikningur að eini tilgangur framangreindrar breytingar á 2. mgr. 100. gr. hlutfélagalaga hafi verið sá að halda yfirverðsreikningi aðgreindum innan eiginfjárreikninga hlutfélaga. Að því sögðu og miðað við eðli yfirverðs hlutfjár teldist það ótæk niðurstaða að telja yfirverðsreikning frjálsan sjóð félags.

Yfirséðsreikningur staðfesti úrskurð ríkisskattstjóra en tók það fram að sú framsetning embættisins að líta til stöðu eiginfjárreikninga í upphafi þess árs þegar arðgreiðslur voru ákveðnar teldist ekki nákvæm, heldur yrði að ganga út frá því að arðgreiðslur á úthlutunarári vegna fyrra reikningsárs byggist á mögulegri arðsúthlutun skv. stöðu frjálsra sjóða í lok þess árs eins og fram kemur í 1. mgr. 99. gr. hlutfélagalaga. Var kröfum kæranda því hafnað.

Álit Eftirlitsstofnunar EFTA í máli nr. 68809 og 69278 frá 22. maí 2013 – gengistrygging

Að mati Eftirlitsstofnunar EFTA gengur algert

bann við gengistryggðum lánum til einstaklinga og fyrirtækja lengra en nauðsynlegt þykir til að gæta hagsmuna neytenda og Ísland því brotlegt gegn EES-samningnum um frjáls flæði fjármagns.

Þann 22. maí sl. birti Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) álit á því hvort Ísland bryti gegn skuldbindingum sínum gagnvart EES-samningnum. Niðurstaða ESA er að allsherjarbann við gengistryggingu gangi gegn 40. gr. EES-samningsins sem kveður á um frjálst flæði fjármagns. Meginforsenda álitins er að bannið fæli íslenskar fjármálastofnanir frá því að fjármagna lánveitingar sínar með erlendu fjármagni.

Með lögum um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, var sérstaklega tekið fram í athugasemdum sem fylgdu frumvarpinu að felld yrði niður fyrri heimild til þess að gengistryggja lán og í dómum Hæstaréttar nr. 92/2010, 153/2010 og 603/2010 var staðfest að ekki var heimilt að gengistryggja lán til handa einstaklingum og lögaðilum.

Íslensk stjórnvöld hafa haldið því fram að bannið feli ekki í sér hindrun á flæði fjármagns milli Íslands og annarra EES ríkja og að reglur um heimildir til verðtryggingar taki ekki til lána í erlendri mynt og hafði því hvorki áhrif á erlenda fjármögnun bankanna né eftirspurn eftir erlendum lánum hér á landi. Íslensk stjórnvöld hafa jafnframt haldið því fram að áður en fjármagnshöft verða losuð að fullu verði settar varúðarreglur í því skyni að draga úr áhættu fyrir fjármálakerfið sem fylgir óheftum fjármagnshreyfingum og þá sérstaklega þeirri áhættu sem felst í gjaldmiðla- og gjalddagamisræmi. Ekki liggur þó fyrir hvenær fjármagnshöftum verður aflétt.

Í álitinu viðurkennir ESA að samningar með gengistryggingarákvæði kunna að fela í sér áhættu fyrir neytendur, sem að jafnaði fá allar sínar tekjur í íslenskum krónum og eru því ekki í stöðu til þess að bregðast við gengissveiflum. Enn fremur búa neytendur ekki yfir nauðsynlegri þekkingu til að meta þá áhættu sem felst í gengistryggðum lánssamningum. ESA telur að það kunni að vera lögmætt að takmarka veitingu slíkra áhættusamra lána til neytenda. Hins vegar er ESA þeirrar skoðunar að algert bann við veitingu slíkra lána til einstaklinga og fyrirtækja gangi lengra en nauðsynlegt þykir til að gæta hagsmuna neytenda.

ESA telur að unnt sé að ná fram markmiðum um neytendavernd með öðrum og vægari úrræðum. ESA nefnir sem dæmi að Ísland gæti gert kröfu til fjármálastofnana að upplýsa neytendur með skýrum hætti um þá áhættu sem kann að felast í gengistryggðum lánum áður en samningur er undirritaður eða þá að heimild sé til staðar fyrir neytendur að falla frá gerðum samningin innan ákveðinna tímamarka.

Þá tekur ESA fram að önnur sjónarmið eigi við um fyrirtæki, þar sem ólíkt neytendum verður að telja að lögaðilar hafi nauðsynlega burði til þess að meta þá áhættu sjálfir sem fylgt getur töku gengistryggða lána. Þá er í álit ESA jafnframt bent á að misræmi er í íslenskum lögum hvað varðar neytendaverndarsjónarmið þar sem heimilt er að tengja lán við bæði innlenda og erlenda hlutabréfavisitölu.

Rökstudda álitid telst lokaviðvörðun og fær Ísland tvo mánuði til þess að gera viðeigandi ráðstafanir ella getur ESA ákveðið að fara með málið fyrir EFTA dómstólinn.

Ákvarðandi bréf RSK nr. 1/2013 vegna rökstudds álits Eftirlitsstofnunar EFTA í máli nr. 70638 frá 10. apríl 2013 - breytt framkvæmd vegna starfsmannaleiga

Erlendar starfsmannaleigur sem hafa staðfestu á EES-svæðinu, í EFTA-ríki eða á Færeyjum geta nú fengið útgefna kennitölu frá fyrirtækjaskrá og skráð sig á launagreiðendaskrá án þess að til stofnsetningar komi á Íslandi, t.d. í formi útíbús eða dótturfélags.

Í bréfinu vísar ríkisskattstjóri til fréttatilkynningar frá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) frá 11. apríl 2013 þar sem segir að Ísland verði að heimila starfsmannaleigum frá öðrum EES-ríkjum að veita þjónustu sína hér á landi án þess að setja það skilyrði að þær verði að stofnsetja sig hér á landi. Þetta er niðurstaða rökstudds álits stofnunarinnar frá 10. apríl 2013. Í fréttatilkynningunni segir jafnframt að ESA telur að málið geti verið leyst með því að innleiða tilkynningarkerfi í stað skilyrðis um stofnsetningu en slíkt kerfi myndi mæta þörfum skattyfirvalda varðandi upplýsingar um erlenda launagreiðendur, starfsmenn þeirra og innheimtu skatta.

Rökstudda álitid var lokaviðvörðun til Íslands sem fékk tvo mánuði til að gera viðeigandi

ráðstafanir. Í kjölfar álitsins ritaði fjármála- og efnahagsráðuneytið ríkisskattstjóra bréf sem dagsett er þann 17. apríl 2013 þar sem þeim tilmælum er beint til ríkisskattstjóra að gerðar verði ráðstafanir sem miða að því að tryggja að erlendar starfsmannaleigur geti staðið skil á staðgreiðslu opinberra gjalda án þess að stofnsetja sig hér á landi.

Í ákvarðandi bréfi ríkisskattstjóra kemur fram að samvæmt 2. gr. laga nr. 139/2005, um starfsmannaleigur skal hver sá sem vill veita starfsmannaleigubjónustu hér á landi tilkynna það til Vinnumálastofnunar, sem halda skal skrá yfir þá sem hafa tilkynnt sig. Þá segir að í tilkynningunni skuli koma fram nafn fyrirtækis, kennitala og heimilisfang ásamt nafni fyrirsvarsmanns þess, kennitala hans og heimilisfang.

Hafi starfsmannaleigan staðfestu í öðru ríki á EES-svæðinu eða í EFTA-ríki skuli koma fram upplýsingar um staðfestu fyrirtækis í heimaríki og nafn fyrirsvarsmanns fyrirtækis, heimilisfang í heimaríki og virðisaukaskattsúmer eða önnur sambærileg heimild um starfsemi sem sýni fram á að fyrirtækið starfi löglega sem starfsmannaleiga í heimaríkinu. Þá er jafnframt tekið fram að starfsmannaleigum sem ekki hafi staðfestu á EES-svæðinu eða í EFTA-ríki sé óheimilt að veita hér þjónustu án staðfestu nema samningar sem Ísland á aðild að heimili slíkt. Samkvæmt framangreindu er ekki gerð krafa um staðfestu hér á landi eigi starfsmannaleiga heimilisfesti innan EES-svæðisins eða í EFTA-ríki.

Þá vísar ríkisskattstjóri til laga nr. 17/2003, um fyrirtækjaskrá og þeirrar meginreglu að alla atvinnustarfsemi skuli skrá, en fyrirkomulag skráningar ráðist m.a. af því, hvort skrá skuli starfsemi á kennitölu einstaklings eða félags. Skráning verði þannig ekki framkvæmd nema sá sem færa skal á skrána hafi kennitölu, eða hún verði sérstaklega gefin út á grundvelli stofnunar félags eða annars skráningartilfænis. Kennitala er síðan forsenda fyrir skráningu þeirrar starfsemi sem rekin er í nafni hins skráða í aðrar skrár, s.s. launagreiðendaskrá, virðisaukaskattskrá og aðrar þær skrár sem varða skattlagningu eða opinber eftirlit með starfsemi viðkomandi einstaklinga eða lögaðila.

Þá segir ríkisskattstjóri að starfsmannaleigum sem hafa staðfestu á EES-svæðinu eða í EFTA-ríki er heimilt að reka hér á landi starfsmannaleigu, enda hafi verið sýnt fram á með fullnægjandi hætti að grundvallaskilyrði séu uppfyllt, þ.e. staðfesta og starfræksla starfsmannaleigu í heimaríki. Þá segi í 4. mgr. 2. gr. laga nr. 139/2005, um starfsmannaleigur að öðrum en þeim sem eru á skrá hjá Vinnumálastofnun sé óheimilt að veita starfsmannaleigubjónustu hér á landi. Þá kemur fram í bréfi ríkisskattstjóra að Vinnumálastofnun hafi eftirlit með framkvæmd laga nr. 139/2005 og það sé forsenda skráningar starfsmannaleigu í fyrirtækjaskrá og útgáfu kennitölu að Vinnumálastofnun hafi fallist á skráningu viðkomandi einstaklings eða lögaðila, sbr. 2. gr. laga nr. 139/2005.

Þá segir ríkisskattstjóri að sé framangreint skilyrði uppfyllt yrði starfsmannaleiga skráð á grundvelli 5. tölul. 2. gr. laga nr. 17/2003, um fyrirtækjaskrá, þ.e. ekki á opinbera skrá heldur aukaskrá, þar sem hvorki væri um að ræða stofnsetningu, né skráningu dótturfélags eða útíbús erlends hlutafélags vegna starfsemi hér á landi enda væri einungis um tímabundna þjónustu að ræða, sem veitt væri frá starfsmannaleigu, sem hefur staðfestu á EES-svæðinu eða í EFTA-ríki.

Samkvæmt ákvarðandi bréfi ríkisskattstjóra geta nú erlendar starfsmannaleigur sem hafa staðfestu á EES-svæðinu, í EFTA-ríki eða á Færeyjum fengið útgefna kennitölu hjá fyrirtækjaskrá að uppfylltu því skilyrði að Vinnumálastofnun hafi fallist á skráningu viðkomandi starfsmannaleigu. Þegar kennitala hefur verið gefin út getur starfsmannaleigan skráð sig á launagreiðendaskrá í samræmi við 19. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Frekari upplýsingar

Vinsamlega hafið samband ef óskað er eftir frekari upplýsingum.

Ábyrgðaraðili:

Vala Valtýsdóttir,
sviðsstjóri skatta- og lögfræðisviðs Deloitte

Ritstjóri:

Erna Sif Jónsdóttir, lögfræðingur
Skatta- og lögfræðisvið Deloitte



Deloitte refers to one or more of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, a UK private company limited by guarantee, and its network of member firms, each of which is a legally separate and independent entity. Please see www.deloitte.com/about for a detailed description of the legal structure of Deloitte Touche Tohmatsu Limited and its member firms.

Deloitte provides audit, tax, consulting, and financial advisory services to public and private clients spanning multiple industries. With a globally connected network of member firms in more than 150 countries, Deloitte brings world-class capabilities and deep local expertise to help clients succeed wherever they operate. Deloitte's approximately 200,000 professionals are committed to becoming the standard of excellence.

This publication contains general information only, and none of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, its member firms, or their related entities (collectively, the "Deloitte Network") is, by means of this publication, rendering professional advice or services. Before making any decision or taking any action that may affect your finances or your business, you should consult a qualified professional adviser. No entity in the Deloitte Network shall be responsible for any loss whatsoever sustained by any person who relies on this publication.